



Hreppsnefnd 17.12.09

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 17. des. 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 15.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Þórdís Þorbergsdóttir og Skúli Þórðarson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1.mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 03. des. lögð fram.

Fundargerð hreppsnefndar frá 03. des. lögð fram.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 30. nóv. sl., 3. tl. gjaldskrá

Fundargerð fræðslunefndar frá 30. nóv. 3.tl. „gjaldskrá, leikskóla“, sem frestað var á síðasta fundi hreppsnefndar.

Gerð var grein fyrir tillögu fræðslunefndar um gjaldskrárhækkun.

Tillaga fræðslunefndar var síðan samþykkt samhljóða. Ný gjaldskrá tekur gildi frá og með 1. janúar 2010.

3. mál Álagning fasteignagjalda árið 2010, tillaga.

Tekin fyrir að nýju svofelld tillaga um álagningu fasteignagjalda, sem einnig var til umræðu á fundi hreppsnefndar 3. des. sl.:

”
Í. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2010 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,5 % af heildarfasteignamati

2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati

3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir,

leikskólar, íþróttahús og bókasöfn 1,32 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,3 % af fasteignamati húss.

• Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 32 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,2 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjald dagar fasteignagjalda 2010 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2009 skv. skattframtali 2010:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 2.026.895 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 2.808.234 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 3.003.906 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 3.346.672 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áráanna 2009 og 2010 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2010. Hvort gjald um sig skal vera kr. 10.500 á íbúð eða samtals 21.000 Sorphirðu og sorpeyðingargjöld fyrirtækja hækki um sama hundraðshluta. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.“

Talsverðar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögu, þar sem rætt var um forsendur álagningar gjaldanna og hækkunar milli ára. Í tengslum við nýtt sorpeyðingargjald sem nú er lagt á í fyrsta skipti í Vopnafirði var gerð grein fyrir þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að taka upp flokkun sorps með tilliti til þess að endurnýta það sorp sem unnt er að nýta og minnka þannig til muna magn þess sorps sem til urðunar fer.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

4. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta 2010. -Síðari umræða.-

Fyrri umræða fjárhagsáætlunar var tekin fyrir á fundi hreppsnefndar 3. des. sl. Við síðari umræðu fjárhagsáætlunar hér í dag er lögð fram greinargerð sveitarstjóra við fjárhagsáætlun A- og B-hluta Vopnafjarðarhrepps dags. í dag, 17. des. 2009. Jafnframt lagðar fram breytingartillögur við fyrirliggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun, sem unnar hafa verið af sveitarstjóra í samvinnu við forstöðumenn deilda og stofnana. Ennfremur lagður fram rekstrarreikningur, rekstraryfirlit, sjóðstreymi ásamt efnahagsreikningi að teknu tilliti til framlagðra breytingartillagna.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og fór yfir helstu stærðir og í greinargerð með fjárhagsáætluninni segir m.a.:

„Að allir sjóðir í A -og B hluta verði samtals gerðir upp með 27,9 m. kr. hagnaði á árinu 2010 Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 95,2 m. kr.

Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 54,7 m.kr. nettó. Í fjármagnshreyfingum er ekki áætlað fyrir neinum sölum eigna, heldur við það miðað að takist að selja einhverjar eignir þá verði það bónus umfram það sem hér er áætlað. Þegar hér er komið sögu í sjóðstreyminu eru því eftir fjármunir að fjárhæð 40,5 m.kr. sem ganga munu til uppgreiðslu á fjármögnunareyðingum. Reiknaðar afborganir sveitarfélagsins vegna þess lánamassa sem til staðar er eru 87,7 m.kr. á árinu 2010 og hér er miðað við að restin verði brúuð með nýrri lántöku að fjárhæð 47,0 m.kr.

Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé í árslok lækki um 52 þús. kr. og verði 5,1 m. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun A -og B-hluta sjóða fyrir árið 2010.“

Talsvert miklar umræður urðu um fyrirliggjandi fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2010, þar sem farið var yfir ýmsa þætti og hugað að því hvernig best náist árangur við hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins.

Fram komu margvíslegar fyrirspurnir fundarmanna sem sveitarstjóri svaraði.

Gengið var til afgreiðslu á fyrirbyggjandi breytingartillögum við frumvarp að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B-hluta fyrir árið 2010. Breytingartillögurnar voru samþykktar samhljóða með öllum atkvæðum og fjárhagsáætlunin svo breytt.

5. mál Málefni Eignarhaldsfélags Samvinnuþrygginga og Fjárfestingarfélagssins Giftar ehf.

Lögð var fram tillaga að bréfi til embættis ríkissaksóknara, sem útbúið hefur verið af lögfræðideild Sambands Ísl. Sveitarfélaga, fyrir sveitarfélögin Vopnafjarðarhrepp og Djúpavogshrepp, vegna málefna tengdum Eignarhaldsfélagi Samvinnuþrygginga (EST), sem til varð er Samvinnuþryggingar Gt. hættu tryggingastarfsemi. Jafnframt var lögð fram greinargerð Sambandsins um málefni Eignarhaldsfélags Samvinnuþrygginga og Fjárfestingarfélagssins Giftar ehf.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og var honum falið að vinna áfram að málinu í samvinnu við lögfræðideild Sambands Ísl. Sveitarfélaga og ganga frá endanlegri kærnu til embættis Ríkissaksóknara.

6. mál. Lánasjóður Sveitarfélaga, lántaka.

Lögð fram umsókn Vopnafjarðarhrepps til Lánasjóðs Sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir láni að upphæð 45 m.kr. til handa Vopnafjarðarhreppi. Í umsókninni kemur fram að lánið verður nýtt til þess að greiða upp framkvæmdakostnað vegna mikilla hafnarframkvæmda, sem að mestu var lokið við á síðasta ári.

Jafnframt nýtist lánið til þess að greiða upp hluta gatnagerðarframkvæmda og til þess að skuldbreyta dýrari skammtímafjármögnun sem reynst hefur nauðsynlegt að grípa til vegna samninga sem í gangi voru frá fyrra ári.

Fyrir fundinum lágu einnig upplýsingar um kjör láns frá Lánasjóðnum, sem stjórn sjóðsins hefur heimilað á grundvelli umsóknar sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði fram svofellda tillögu.: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 45.000.000 kr. til 15 ára í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar samanber tilboð sjóðsins dags. 3. des. sl., sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til, að greiða upp framkvæmdir og óhagstæðari skammtímalán, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Þorsteini Steinssyni, kt. 110254-4239, veitt fullt og ótakmarkað umboð fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps að undirrita og gefa út , og afhenda hvers kyns skjöl , fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum.

7. mál Efla, verkfræðistofa, hugleiðingar til Vopnafjarðarhrepps varðandi Orkuveitu Vopnafjarðar.

Lagt fram minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu varðandi möguleika á því að stofna orkuveitu á Vopnafirði. Fyrirtækið býður fram þjónustu sína til þess að fara yfir þá möguleika sem eru fyrir Vopnafjörð í þeim efnum. Í þessu sambandi er horft til glatvarma frá bræðslu HB Granda, sorpbrennslu og hitaveituvatns frá Selárdal.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og fundum sem hann hafði átt með fulltrúum fyrirtækisins og fulltrúa Jarðfræðistofunnar Stapa.

Fundarmenn töldu um margt fýsilegt að vinna undirbúningsskýrslu um kosti og möguleika í nýtingu þessara varmakosta fyrir Vopnafjörð.

Sveitarstjóra var falið að vinna áfram að málinu og kanna hvort mögulegt væri að nýta styrk frá Orkusjóði til verksins.

8. mál Bréf Varasjóðs húsnæðismála dags. 9. des. sl., varðandi framlög.

Lagt fram bréf Varasjóðs húsnæðismála frá 9. des. sl., þar sem gerð er grein fyrir því að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um framlög í Varasjóð húsnæðismála fellur úr gildi um næstu áramót og því verða ekki í framhaldinu greidd framlög til sveitarfélaga öðruvísi en samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga verði framlengt.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hvetur ríkisvaldið og Samband Ísl. sveitarfélaga til þess að ná

saman um framlengingu ákvæða um greiðslu framlaga Varasjóðs húsnæðismála. Framlög þessi hafa mikla þýðingu fyrir sölu félagslegra íbúða á landsbyggðinni.

9. mál. Ýmis bréf og erindi

a) Bréf Heilbrigðisráðuneytisins dags. 16. nóv. sl. varðandi þjónustu við sjúkraflugvelli.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf Landgræðslu ríkisins dags. 4. des sl., varðandi styrk.

Í bréfinu er óskað eftir styrk að fjárhæð 70 þús. kr. til landgræðslu í samvinnu við bændur í Vopnafirði. Fyrir þessu er gert ráð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

c) Minjasafnið Bustarfelli, bréf mótttekið 14. des. sl. varðandi styrk. Beiðnin hefur verið afgreidd í fjárhagsáætlun 2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30 – og þakkaði oddviti fyrir fundinn og óskaði mönnum gleðilegrar hátíðar og góðs nýs árs.